Alþingi
Erindi nr. Þ 123/517
komudagur 9.12.'98

Reykjavík 7. desember 1998

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Með bréfi dags. 23. nóvember 1998 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, 226. mál.

Seðlabanki Íslands leggur til að í stað orðanna „...sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðli að framkvæmd laganna." í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins komi: „...setja sér verklagsreglur er stuðli að framkvæmd laganna". Í 12. gr. reglugerðar nr. 272/1994 um hlutverk fjármálastofnana við aðgerðir gegn peningaþvætti er notað sama orðalag og í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins, en ákvæðið hefur verið túlkað á þann veg að fjármálastofnunum beri að setja sér verklagsreglur vegna þessa. Með hliðsjón af framangreindu telur Seðlabankinn eðlilegt að gera þá breytingu sem lögð er til.

Að öðru leyti gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

SEÐLABANKI ÍSLANDS
KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@centbk.is · BRÉFASÍMI: 569 9605